

**Nd.**

**150. Frumvarp til laga**

[128. mál]

um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Ásgeir Pétursson, Pálmi Jónsson, Birgir Kjaran.

**1. gr.**

Fyrir „kr. 350.00“ í 1. gr. laganna komi: kr. 700.00, og fyrir „kr. 200.00“ í sömu grein komi: kr. 300.00.

**2. gr.**

Fyrir „kr. 700.00“ í 2. gr. laganna komi: kr. 1100.00, og fyrir „kr. 350.00“ í sömu grein komi: kr. 700.00.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Lög um eyðingu refa og minka eru frá 1957 með breytingum frá 1964 og 1969. Ákvæðum um verðlaunagreiðslur var breytt nokkuð 1964 til samræmis við breytt verðlag. Nú eru þau aftur orðin langt á eftir tímanum. Þegar lögini voru sett 1957, voru t. d. verðlaun fyrir að fella fullorðinn mink 200 kr., nú 350 kr., en í frumv. er lagt til að hækka þau í 700 kr. Sú hækkun svarar þó hvergi nærri til þeirrar verðlagsbreytingar, sem orðið hefur síðan 1957, og er því sýnt, að hér er mjög hóflega í sakirnar farið. Aðrar hækkanir, sem lagt er til í frumv., að gerðar verði, eru mun minni. Engum mun blandast hugur um, að nauðsynlegt sé að hækka þær tölur, sem hér um ræðir, en álitamál er hins vegar, hvað það eigi að vera mikið. Flutningsmenn vilja miða sínar tillögur við það, að ýtrustu sparsemi sé gætt.

Nú er svo komið, að víða um land er mjög örðugt að fá menn til að sinnæ minkaveiðum vegna þess, hvað skotlaunin eru lág. Sum sveitarfélög hafa gripið til þess ráðs að greiða minkabönnum hærri skotlaun en lög gera ráð fyrir og greiða þá úr eigin sjóði mismuninn. En samkv. lögum greiðir ríkissjóður  $\frac{2}{3}$  og sýslusjóður og sveitarsjóður  $\frac{1}{6}$  hvor.

Eins og allir vita, er villiminkurinn boðflenna í ríki íslenzkrar náttúru. Með tilkomu hans hefur þar orðið röskun, sem ógnar öllu fuglalífi hér á landi og veldur miklum spjöllum á nytjafiskum í ám og vötnum. Reynslan sýnir, að hægt er að halda þessu skaðræðiskvikindi niðri, ef vel er að unnið. Til þess þarf vökulan áhuga, nokkurn tækniútbúnað, góða hunda og töluvert fjármagn. Samtaka aðgerðir þurfa að koma til um allt land, því að ef einhvers staðar er slakað á, flæðir minkurinn þaðan yfir á önnur landssvæði, sem hreinsuð hafa verið. Aðgerðir við eyðingu minka eru alþjóðarmál. Það er náttúruverndarmál og þó um leið mikið hagsmunarmál sumra héraða og raunar allra.